Efterrit

Byggingarbrjef

Jeg undirskrifadur Guðmundur Thorgrimsen, verzlunarstjóri og R. af Dbr. á Eyrarbakka byggi hjermeð bóndanum Jóni Jónssyni, núverandi á Oddagörðum, hálfa jörðina Einarshöfn í Stokkseyrarhrepp með eftirfylgjandi skilmálum:

1.) Gjaldi hann árlega til mín eda þeim, sem er verzlunarstjóri á Eyrarbakka 30 kr. - skrifa þrjátíu krónur - í peningum.

2.) Haldi hann við öllum jarðarinnar leiguhúsum, görðum og girðingum í forsvaranlegu standi ásamt sambýlismanni.

3.) Vakti hann og hirði forsvaranlega reka jarðarinnar og ábyrgist eftir ýtrustu mögulegleikum, að ekkert í sjó tapist eda út takist af því; sem á fjörurnar rekur og eins að því ekki fyrir hans forsomun stolið sje.

4.) Af rekatrjám nýtur leigulidi fjögra álna langra vida og þaðan af styttra til yztu enda mælt. Af fiski á leigulidi fimm fiska með flæði ásamt þeim sem skertir eru.

5.) Þegar ábúandi heldur þessa skilmála og situr löglega ábúðarjörð sína eftir sveitarsið og landsvana, má hann jarðarinnar innnytja njóta sem einum leigulida ber að lögum og samhvæmt þessu byggingarbrjefi.

6.) Segi hann mjer ábýli sínu lausu í lögtíma ef burtu vill fara og búi svo á jörðinni, sem góður og dugandi leiguliði.

7.) Enga sölu eda prang med útlenda vöru má hann vid hafa.

8.) Bregði hann útaf ofanskrifuðum skilmálum, skal hann góðmótlega burt af jörðinni víkja eftir tímanlega ádvörun.

Eyrarbakka 2. Maí 1885.

Gudm. Thorgrimsen.

Ofanskrifada skilmála sampykki jeg og lofa ad halda í öllum greinum.

Jón Jónsson.

Rjett eftirrit

Stadfestir

Gudm. Thorgrimsen.

G. Thorgrimsen
Eyrarbakka.